



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 29. apríl 2019

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**  
**b/t Steindórs Dan Jensen**

**Málefni: Ósk um afstöðu FLE til umfjöllunar um eftirlit með endurskoðendum sem fram kemur í minnisblaði 3. apríl sl. frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (ANR) til nefndarinnar.**

Með vísan til tölvupósts frá Steindóri Dan Jensen frá 17. apríl sl. og samtals við hann í framhaldinu er óskað eftir afstöðu FLE við fyrirkomulag eftirlits með endurskoðendum við það að núverandi Endurskoðendaráð verður lagt niður samkvæmt frumvarpi til laga um endurskoðendur (312 mál, 33. grein frumvarps). Hugmyndir ANR um mögulegt fyrirkomulag eftirlitsins koma fram í framangreindu minnisblaði og þá m.a. sú hugmynd sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu þ.e.a.s. að eftirlitinu verði fyrirkomið hjá FME.

Í ljósi þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað eftir að frumvarpið var lagt fram sem og þeirrar ákvörðunar að stefna að sameiningu Seðlabankans og FME virðist það liggja fyrir að það sé ekki vilji hins opinbera að eftirlit með endurskoðendum verði hjá FME. Í ljósi þessa þá koma fram í minnisblaði ANR fjórir kostir þar sem fjallað er um 33. grein og fyrirkomulag eftirlitsins.

Niðurstaða ANR er sú að í ljósi aðstæðna þá sé valkostur þrjú vænlegastur þ.e. að eftirlitið sé í sjálfstæðri stjórnsýslunefnd eins og endurskoðendaráð, en vinnuhópurinn og frumvarpið leggur til að eftirlitið verði hjá FME sem tilgreindur er sem fyrsti valkostur í minnisblaðinu.

FLE vill láta koma fram að það er mjög bagalegt hversu lengi hefur dregist að afgreiða umrætt frumvarp sem lög og ekki síst sú óvissa sem hefur skapast við að ekki sé lengur vilji til að eftirlitið verði staðsett hjá FME.


Sú niðurstaða ANR að valkostur þrjú sé vænlegasti kosturinn verður því að skoðast sem algert bráðabirgðaúræði. FLE vill því ítreka þá afstöðu sína sem fram kemur í umsögn félagsins (26.11.2018) að slíku eftirliti sé best fyrirkomið hjá ákveðinni eftirlitsstofnum eins og reyndar kemur fram í minnisblaði ANR sem valkostur fjögur.

FLE leggur því til að í greinargerð með frumvarpinu komi fram að valkostur þrjú (sjálfstæð stjórnsýslunefnd) sé til bráðabirgða og að skipuð verði nefnd (vinnuhópur) á vegum hins opinbera til að vinna að og gera tillögur sem grundvallast á valkosti fjögur, enda kemur fram í minnisblaðinu frá ANR að það sé hin farsæla lausn. Nefndinni yrði settur ákveðinn tímarammi til að vinna að tillögum sínum bæði hvað varðar frekari lagabreytingar sem og samráð við hagsmunaaðila. Slíka vinnu væri hægt að hefja strax og stefnt að að niðurstöður lögju fyrir haustið 2020 þannig að slík stofnun (Eftirlitsstofnun) gæti tekið til starfa 2021.

Félag löggiltra endurskoðenda er tilbúið til að leggja sitt lóð á vogaskálarnar og taka þátt í vinnu slíkrar nefndar.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

  
Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE